

AUGLÝSING um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr.73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir.

1. Deiliskipulag í Hrafnsholti úr landi Langholts I.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir einbýlishúsi, bílgeymslu, hesthúsi og skemmu á 24,9 ha landi. Á reit 1 er heimilt að reisa íbúðarhús, hámarksstærð 200 m² og 70 m² bílgeymslu, hámarkshæð 7 m. Á reit 2 er heimilt að reisa hesthús, hámarksstærð 300 m² og hámarkshæð 6 m og á reit 3 verður reist skemma, hámarksstærð 600 m² og hámarkshæð 6 m. Samþykkt í sveitarstjórn 7. mars 2007.

2. Deiliskipulag Birtu í landi Bitru.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur frístundahúsum og gróðurhúsi á 4.286 m² lóð ásamt byggingu geymslu/jarðhýsis vestan lóðar. Samþykkt í sveitarstjórn 29. desember 2005.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. júlí 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,
Pétur Ingi Haraldsson.